

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á deiliskipulagi við Bæjargil 33.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar við Bæjargil 33 í Garðabæ.

Í breytingunni felst m.a. að heimiluð verður viðbygging við húsið með þakhalla sem er lægri en skipulagsskilmálar kveða á um. Skipulagsskilmálar hverfisins eru að öðru leyti óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Kirkjulund 17.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Kirkjulund 17 í Garðabæ.

Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall lóðar hækkar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 1. nóvember 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.